

Viðskiptanefnd, verðlagsstjóri og aðrir aðilar, er starfa í umboði fjárhagsráðs, 82 ráða starfslið að fengnu samþykki fjárhagsráðs, enda ákveður fjárhagsráð laun 31. júlí þess. — Fjárhagsráð setur þessum aðilum almennar starfsreglur svo og reglur um einstök atriði í starfi þeirra.

## 37. gr.

Fjárhagsráðsmönnum, viðskiptanefndarmönnum, verðlagsstjóra og starfsmönnum þessara aðila er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, er þeir verða áskynja um af skýrslum þeim, sem látnar eru í té samkvæmt lögum nr. 70/1947 og reglugerð þessari, að því leyti, sem þau varða einstaka menn eða einstök fyrirtæki.

## 38. gr.

Fjárhagsráð getur veitt undanþágu frá ákvæðum reglugerðar þessarar, ef sérstaklega stendur á, enda komi samþykki ríkisstjórnarinnar til. Undanþága má þó aldrei fara í bág við lög nr. 70/1947.

## 39. gr.

Hver sá, er vanrækir að láta fjárhagsráði, innflutnings- og gjaldeyrisdeild eða embættismönnum þeim, sem þessir aðilar til þess setja, í té skýrslur þær, sem honum er skylt að gefa samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, skal sæta 20—200 kr. dagsektum. Sá, sem gefur sömu aðilum rangar skýrslur, skal sæta refsingu samkvæmt ákvæðum 15. kafla almennra hegningarlaga.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar, og reglum settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að 200 þús. kr. Ef miklar sakir eru eða ef brot er ítrekað, má svipta sökunaut atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Uptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

## 40. gr.

Reglugerð þessi öðast þegar gildi, og er þá jafnframt úr gildi felld reglugerð nr. 7 frá 16. janúar 1946 og reglugerð nr. 2 frá 9. janúar 1945.

*Forsætisráðuneytið, 31. júlí 1947.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Birgir Thorlacius.*

## REGLUGERÐ

um skömmtun á nokkrum byggingarvörum.

83

11. ágúst

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 11. gr. l. nr. 70 1947 svo og l. nr. 37 1939 og l. nr. 59 1940 er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

## 1. gr.

Frá og með 12. ágúst 1947 er bannað að selja hvers konar trjávið, krossvið og hvers konar þilplötur, sement og steypustyrktarjárn, nema gegn leyfum, sem út eru gefin af viðskiptanefnd fjárhagsráðs, sbr. þó 6. gr.

## 2. gr.

Allir, sem verzla með vörutegundir þær, er um ræðir í 1. gr., hvort heldur er í smásölu eða heildsölu, skulu fyrir 14. ágúst 1947 gefa viðskiptanefnd skýrslu um

- 83** birgðir sínar af þeim í því formi, er hún ákveður, eins og þær voru, áður en við-  
 11. ágúst skipti hófust 12. ágúst 1947. Sama gildir um iðnfyrirtæki, sem nota þessar vörur til framleiðslu sinnar, svo og um einstaklinga, félög og opinbera aðila, sem hafa undir höndum ofangreindar vörur.

## 3. gr.

Hver, sem flytur til landsins vörur þær, sem um ræðir í 1. gr., skal þegar í stað senda viðskiptanefnd skýrslu um það. Enn fremur skulu tollstjórar, hver í sínu umdæmi, gefa viðskiptanefnd jafnharðan skýrslu um allan innflutning framan- greindra vara og hver sé viðtakandi.

## 4. gr.

Heildsöluverzlun má eigi selja smásöluverzlun vörur þær, er um ræðir í 1. gr., nema með leyfi viðskiptanefndar.

## 5. gr.

Þegar veitt er fjárfestingarleyfi til framkvæmda, sem í þarf vörur þær, sem reglugerð þessi tekur til, afgreiðir viðskiptanefnd jafnframt fjárfestingarleyfinu nauðsynleg leyfi til kaupa á þessum vörum.

## 6. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. má verzlun selja án leyfis allt að 4% af innflutningi sínum á þessum vörum, enda geri kaupandi sennilegt fyrir seljanda, að þær vörur séu eingöngu notaðar til eðlilegs viðhalds eldri mannvirkjum. Skal þá hlutaðeigandi afhenda verzluninni í tvíriti skriflega beiðni um kaupin í því formi, er viðskipta- nefnd fyrirskipar, og lýsa yfir að viðlögðum drengskap, að efnið verði eingöngu notað svo sem að framan segir. Verzlanir láta annað eintak áðurgreindra beiðna fylgja söluskýrslum sínum til viðskiptanefndar, sbr. 9. gr.

## 7. gr.

Um leyfisveitingar til annarra framkvæmda en þeirra, er fjárfestingarleyfi þarf til, sbr. 5. gr., fer eftir þeim reglum, sem fjárhagsráð setur.

## 8. gr.

Viðskiptanefnd getur veitt iðnfyrirtækjum leyfi til kaupa á trjávið, krossvið og hvers konar þilplötum, sementi og steypustyrktarjárn til framleiðslu sinnar. Fjárhagsráð setur nánari reglur um þær leyfisveitingar.

## 9. gr.

Verzlanir skulu 1. hvers mánaðar senda viðskiptanefnd skýrslu um sölu sína og kaup á sementi, trjávið, krossvið og hvers konar þilplötum og steypustyrktar- járn í næsta mánuði á undan, svo og birgðir af þeim vörum.

Skýrslu þessari skulu fylgja leyfi þau, sem komið hafa í mánuðinum fyrir seldar vörur.

## 10. gr.

Viðskiptanefnd færir spjaldskrá um allar verzlanir, er selja vörur þær, sem háðar eru skömmtnun samkv. þessari reglugerð. Skal þar skrá jafnóðum birgðir, kaup og sölu. Enn fremur heldur nefndin skrá um alla þá, sem fengið hafa fjár- festingarleyfi og úthlutun á byggingarefni í sambandi við það, svo og aðra þá, er fá leyfi til efniskaupa.

## 11. gr.

Viðskiptanefnd getur, hvenær sem er, án dómsúrskurðar, látið fulltrúa sína rannsaka birgðir heildsöluverzlana og iðnfyrirtækja af vörum þeim, sem um ræðir í 1. gr.

Enn fremur getur nefndin bundið skömmtunarleyfi því skilyrði, að hún geti **83**  
hvenær sem er látið trúnaðarmenn sína rannsaka, hversu langt byggingum og öðrum **11. ágúst**  
mannvirkjum sé komið til þess að meta, hversu mikið efni hafi verið í þær notað.  
Er þá hlutaðeigendum skylt að láta trúnaðarmönnum nefndarinnar í té allar upp-  
lýsingar og aðstoð til þess að slík rannsókn geti farið fram.

## 12. gr.

Ef ágreiningur rís um skilning á ákvæðum þessarar reglugerðar, sker fjárhagsráð úr.

## 13. gr.

Hver sá, sem tregðast við að senda viðskiptanefnd fyrirskipaðar skýrslur samkvæmt reglugerð þessari, skal sæta 20—200 kr. dagsektum. Má ákveða þær með ábyrgðarbréfi til hlutaðeiganda.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar og reglum settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að 200 þús. kr. Ef miklar sakir eru eða ef brot er ítrekað, má svipta sökunaut atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

## 14. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 11. ágúst 1947.*

**Emil Jónsson.**

*Sigr. Klemenzson.*

## REGLUGERÐ

84

17. ágúst

### um takmörkun á sölu, dreifingu og tollaafgreiðslu nokkurra vörutegunda.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 11. gr. laga nr. 70 1947, svo og laga nr. 37 1939 og laga nr. 59 1940, er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

## 1. gr.

Frá og með deginum í dag er fyrst um sinn, unz öðruvísi verður ákveðið, bannað að tollafgreiða hvers konar vefnaðarvöru, búsaðhöld, hreinlætisvörur og kornvörur.

## 2. gr.

Engin heildsöluverzlun eða iðnfyrirtæki má, unz öðruvísi verður ákveðið, selja eða afgreiða neina þeirra vörutegunda, er um ræðir í 1. gr.

Skömmtunarskrifstofa ríkisins getur veitt undanþágu frá ákvæðum 1. mgr. um kornvörur, ef sérstaklega stendur á.

## 3. gr.

Viðskiptanefnd getur ákveðið með auglýsingu, að smásöluverzlunum sé bannað að afgreiða til viðskiptamanna sinna nema tiltekið magn eða verðmæli af framangreindum vörum og sé þeim jafnframt skylt að skrá sérstaklega þau viðskipti eftir reglum, sem viðskiptanefnd auglýsir.

## 4. gr.

Viðskiptanefnd skilgreinir með auglýsingu nánar, hvaða vörur falli undir 1. gr.